

29. ÁGÚST



29. ágúst ár hvert er stór dagur í hugum margra og sérstaklega þeirra sex starfsmanna Akureyrarbæjar sem deila þessum afmælisdegi sínum með bænum okkar góða. Þar af átту þrír þeirra stórafmæli í ár.

Afmælisbörnin eru:

Eva Allen – starfsmaður í Beyki-Asparhlíð
Guðmunda Finnbogadóttir – starfsmaður hjá Plastiðjunni Bjargi-Iðjulundi
Halldóra Eiríksdóttir – starfsmaður á leikskólanum Tröllaborgum
Hjördís Þórðardóttir – starfsmaður á sambýli Snægili 1
Linda Skarphéðinsdóttir – starfsmaður á sambýli Snægili 1
Samúel Jóhannsson – forstöðumaður Íþróttamiðstöðvar Glerárskóla

Ritstjórn Krónikunnar óskar öllum afmælisbörnum dagsins til hamingju með daginn.



150 ÁRA AFMÆLI AKUREYRAR



Útgefandi: Akureyrarbær. Ritstjóri: Þorsteinn G. Jónsson. Ritnefnd: Friðný Sigurðardóttir, Sara Hlín Jónsdóttir, Þorsteinn G. Jónsson og Samúel Jóhannsson.
Netfang: kronikan@akureyri.is. Hönnun og umbrot: Stíll – Prentun: Ásprent

Innanbæjar KRÓNKA

5. tbl. 7. árg. STARFSMANNAFRÉTTIR AKUREYRARBÆJAR september 2012

TIL HAMINGJU MEÐ AFMÆLIÐ!



Myndir: Auðunn Nielsson.

GAMLA MYNDIN

Spurt var um hvað húsið við kirkjuna hafi heitið. Rétt svar er: Stóruvellir. Árni Konráð Bjarnason rekstrarstjóri skóla- og íþróttadeildar Akureyrarbæjar er sigurvegarinn að þessu sinni.

Til hamingju Árni!



Hvaða hús er að brenna og hvaða ár var það? Rétt svar tryggir næsta vinningshafa kakó og vöflur fyrir fjóra hjá Kaffi kú, Garði, Eyjafjarðarsveit. Lesendur Krónikunnar eru sem fyrr beðnir að senda svörin á netfangið kronikan@akureyri.is.



MATARHLÉ

Ákvað að taka áskorun Svanhvítar. Ákvað að velja eitthvað einfalt, fljótlegt og gott sem hægt er að skella á grillið sem verður gjarnan fyrir valinu þegar ég elda fyrir fjölskylduna. Ég skora á hana tengdamóður mína að koma með uppskrift í næstu króniku. Það er Guðrún Nanna Þorkelsdóttir sérkennslustjóri á leikskólanum Pálmholti.



Gunnlaugur Þorgeirsson

GRILLAÐAR KJÚKLINGABRINGUR MEÐ GRILLUÐU GRÆNMETI OG KARTÖFLUM

Það sem þú þarft að hafa við hendina er:

4 kjúklingabringur
1 bréf af beikoni
Piparostur
Sveppir
Púrrulaukur
Sæt kartafla
Kúrbítur
Salt og pipar

AÐFERÐ:

Kryddar kjúklingabringurnar með kryddi að eigin vali, sjálfur set ég oft bara svartan pipar eða kjúklingakrydd. Fyllir kjúklingabringurnar með piparosti og vefur beikoni utan um. Síðan er þessu skellt á grillið. Kartöflurnar eru vafðar í álpappír og grillaðar.

GRILLAÐ GRÆNMETI:

Sker sveppina, sætu kartöfluna, púrrulaukinn og kúrbítinn í grófa bita. Skelli því á álpappír, set töluvert af olíu, salti og pipar á og loka síðan álpappírsbögglinum. Skelli því svo á grillið í ca 20–30 mínútur.

Á mínu heimili er vinsælast að hafa með þessu sýrðan rjóma með graslauk.

EFTIRMATUR:

Ís í eftirmat er vinsælastur á mínu heimili en salsa réttur yfir sjónvarpinu klikkar heldur aldrei. Þá er þunnu lagi af rjómaosti smurt í eldfast mót, salsa sósa yfir og að lokum rifinn ostur. Þetta er sett inn í ofn í 10–15 mín eða þar til osturinn er orðinn vel bráðinn og herlegheitin farin að krauma eilítið í ofninum. Þetta er síðan borðað með Doritosflögum.

Verði ykkur að góðu!

HVAÐ ERTU AÐ GERA?



Sigríður Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri afmælisárs varð við bón Krónikunnar og svarar hér nokkrum lauflettum og skemmtilegum spurningum.

Í hverju er starfið fólgíð? Skipulegg, undirbý og samhæfi fjölda verkefna vegna 150 ára afmælis Akureyrar. Það er mitt aðalstarf eins og er.

Hvað er skemmtilegast við starfið? Allt það góða og skapandi fólk sem ég hef samskipti við. Alveg frábært líka hve margir vilja leggja sitt fram til að gera afmælisárið sem best og fjölbreyttast.

Fjölskylduhagir? Gift Erlingi Sigurðarsyni og saman eigum við þrjú uppkomin börn: Ernu, Sigga og Kára.

Áhugamál? Mannlíf, þjóðmál og heimsmál í öllum sínum fjölbreytileika. Hef líka alltaf verið lestrarhestur og elska ferðalög og útivist.

Leyndir hæfileikar? Nokkrir, en er alltaf að vona að ég uppgötví fleiri. Held að ég geti enn tekið handhlaup skammlaust.

Hvaða bók lastu síðast? Er að skoða og lesa *Konur gerðu garðinn – saga Lystigarðs Akureyrar 1912–2012* eftir Ástu Camillu Gylfadóttur. Ný og gullfalleg bók.

Hvaða kvikmynd sástu síðast? *Intouchables*. Mjög skemmtileg og vekur líka til umhugsunar.

Hvaða plötu hlustaðirðu á síðast? Hún heitir *Ljfsflaup* og er rétt að koma út. Raggi Dan syngur eigin lög við ljóð Erlings Sigurðarsonar. Raggi, eða Ragnar Danielsen hjartalækni, er frændi minn og Erlingur maðurinn minn. Naut þess að hlusta.

Uppáhaldsmatur? Ekkert slær út steikt lambalæri, sem sparimat. Elska líka nýtt og ferskt grænmeti.

Áttu þér draum? Já marga, bæði persónulega og mínu fólki til handa. Draumum mínum varðandi mannkynið lýsti John Lennon mjög vel í textanum „Imagine“.

Finnst þér Innanbæjarkrónikan skemmtileg og fróðleg? Já, já. Les oftast hvert orð í henni.

